

GJALD**fyrir sorphreinsun í Hveragerði fyrir árið 1983.**

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Hveragerði fyrir árið 1983 skal vera kr. 500 fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað sbr. 9. gr. samþykktar um sorpheimtu í Hveragerði sem staðfest var 14. janúar 1983.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingmar Sigurðsson.

AUGLÝSING**um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	1 340,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	480,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllum á prókúruumboði	480,00
4. Fyrir tilkynningu um breyting á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	480,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	110,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	625,00
7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	120,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	70,00
9. Fyrir innköllun	625,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	250,00
11. Fyrir ógildingarstefnu	800,00
12. Fyrir dómsbirtingu	800,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	360,00

Annad efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 56,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 14. mars 1983. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 607 29. okt. 1982 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem bitist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. febrúar 1983.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.